

# Samstarfssamningur um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

(drög samþykkt í heilbrigðisnefnd Vesturlands 10. desember 2012)

Með vísan til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 gera sveitarfélögin á Vesturlandi með sér svofelldan samstarfssamning um skipan heilbrigðisnefndar og rekstur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands (HeV).

## 1. gr.

Eftirfarandi sveitarfélög eru aðilar að samstarfssamningnum:

Akraneskaupstaður

Hvalfjarðarsveit

Skorradalshreppur

Borgarbyggð

Eyja- og Miklaholtshreppur

Snæfellsbær

Grundarfjarðarbær

Helgafellssveit

Stykkishólmsbær

Dalabyggð

## 2. gr.

Starfssvæði HeV skal vera allt eftirlitssvæði Vesturlandssvæðis, sbr. ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Varnarþing Heilbrigðiseftirlitsins er í Hvalfjarðarsveit.

Heimilt er heilbrigðisnefnd að semja um þjónustu Heilbrigðiseftirlits Vesturlands við sveitarfélög utan eftirlitssvæðisins, enda standi tekjur af þeirri þjónustu undir útgjöldum vegna hennar.

## 3. gr.

Heilbrigðisnefnd skal kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar á aðalfundi Heilbrigðiseftirlitsins í Vesturlandskjördæmi. Kosnir skulu fimm aðalmenn og jafnmargir varamenn.

Um hæfi og kjörgengi stjórnarmanna gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga um hæfi stjórnarmanna í nefndir og ráð á vegum sveitarfélaga.

Samtök atvinnurekenda á svæðinu eiga rétt á að tilnefna í nefndina einn fulltrúa.

Náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa í nefndina með málfrelsi og tillögurétt. Stjórn SSV tilnefnir fulltrúa inn í nefndina og skal þess gætt að sá fulltrúi sé með setu í umhverfis- eða náttúruverndarnefndum sveitarfélaga á starfssvæðinu.

Fulltrúar Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar eiga rétt til setu á fundum heilbrigðisnefndar með málfrelsi og tillögurétti, svo og héraðslæknar eða sá heilsugæslulæknir sem hann tilnefnir.

Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vesturlands eða heilbrigðisfulltrúi í umboði hans skal sitja fundi heilbrigðisnefndar með málfrelsi og tillögurétti.

## 4. gr.

Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands skal haldinn eigi síðar fyrir ár lok maí ár hvert. Á kosningarári sveitarstjórna skal halda hann að loknum kosningum en þó eigi síðar en 15. ágúst enda hafi umboð fráfarandi heilbrigðisnefndar verið framlengt sem því nemur á aðalfundi árinu áður, með stoð í 40. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Á dagskrá aðalfundar skal taka fyrir skýrslu stjórnar, ársskýrslu HeV, afgreiðslu ársreiknings og önnur mál.

Aðildarsveitarfélög geti óskað eftir eigendafundi til að taka fyrir mikilvæg mál til afgreiðslu, svo og ef skipta þarf um stjórnarmenn í stjórn HEV vegna einhverra ástæðna.

Á aðalfundi hefur hvert sveitarfálagn atkvæðisrétt miðað við íbúafjölda í sveitarfélaginu 1. desember næstliðins árs.

Félagafund skal boða ef þörf krefur að mati heilbrigðisnefndar eða ef þriðjungur aðildarsveitarfélaga krefst þess skriflega. Sömu reglur gilda um þá og reglulega aðalfundi.

#### 5. gr.

Heilbrigðisnefnd starfar samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samkvæmt samstarfssamningi þessum.

Ennfremur samkvæmt sveitarstjórnarlögum, samþykktum sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu og sérstöku lögum og reglum sem í gildi eru eða kunna að verða, eftir því sem við á.

Sveitarfélögin á eftirlitssvæðinu geta sett nefndinni sérstakt erindisbréf.

#### 6. gr.

Heilbrigðisnefnd ræður framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og heilbrigðisfulltrúa í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og erindisbréfs og heimildar í fjárhagsáætlun.

Framkvæmdastjóri og heilbrigðisfulltrúi/-fulltrúar eru starfsmenn heilbrigðisnefndar og starfa í umboði hennar. Heilbrigðisnefnd setur þeim starfslýsingar.

#### 7. gr.

Heilbrigðisnefnd semur fjárhagsáætlun fyrir starfsemi Heilbrigðiseftirlitsins fyrir næsta reikningsár, sem er almanaksárið.

Fjárhagsáætlun skal vera í samræmi við reikningsskilareglur og venjur sveitarfélaga.

Fjárhagsáætlun skal send sveitarstjórnnum til umfjöllunar eigi síðar en 1. október. Sveitarstjórn telst samþykkt fjárhagsáætlun hafi athugasemd eigi verið gerð fyrir 1. desember. Fjárhagsáætlun er samþykkt þegar sveitarfélög með meirihluta íbúa á Vesturlandi hafa fallist á hana.

Samþykkt fjárhagsáætlun er fjárhagslegur starfsrammi heilbrigðisnefndar og skal tekjuöflun og ráðstöfun fjár vera í samræmi við hana. Ákvæði sveitarstjórnalaga gilda að öðru leyti um fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

#### 8. gr.

Tekjur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands eru innheimtar skv. sérstakri gjaldskrá sem sett skal á grundvelli 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og skulu þær standa að kostnaði við starfsemi Heilbrigðiseftirlitsins. Standi eftirlitsgjöld ekki undir þeim kostnaði skiptist umframkostnaður milli sveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda þeirra.

Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlitsins sér um álagningu eftirlitsgjalds í umboði heilbrigðisnefndar. Ábyrgð á fjárreiðum, bókhaldi og reikningskilum hvílir á heilbrigðisnefnd og skal hún sjá um að þessir þættir séu ætíð í samræmi við lög, reglur og góðar venjur.

#### 9. gr.

Heilbrigðisnefnd skal senda sveitarstjórnnum endurskoðaðan og áritaðan ársreikning eigi síðar en 15. mars ár hvert.

#### 10. gr.

Aðildarsveitarfélög skv. þessum samningi bera ábyrgð á öllum fjárskuldbindingum HeV í réttu hlutfalli við árleg framlög þeirra hverju sinni.

11. gr.

Samning þennan skal taka til endurskoðunar á aðalfundi ef sveitarfélög með meirihluta íbúa á Vesturlandi óska þess. Sveitarfélög með 2/3 hluta íbúa svæðisins þurfa að samþykkja breytingar.

Komi til þess vegna breyttra forsendna/laga að samningi þessum verði sagt upp skal slíkt gert með 6 mánaða fyrirvara og tekur uppsögnin gildi frá næstu áramótum þar á eftir.

**Samningur þessi öðlast gildi við samþykkt hans.**